

Moldun

Ég vil líta til liðinna daga
ljúfa mynd upp í huga mér draga
þegar sumar og sól, sveipar byggðir og ból
þessum minningum held ég til haga.

Í dal milli dimmgrænna fjalla
dreifast húsin um hlíðar og stalla
þetta er þorpið í Vík, þar er fegurðin rík
og minn höfuðstað helst vil ég kalla.

Og hin mýrdælsku fjöll, mæri ég öll
efalaust búa í þeim álfar og tröll.
Ég sé blika á báru á sænum
bóndans töðu á túnbletti grænum
og á bak við svo hjart, breiðist jökulsins skart
þaðan áin sig liðar í lænum.

Og hin mýrdælsku fjöll, mæri ég öll
efalaust búa í þeim álfar og tröll.
Alltaf vekur mér sælu í sinni
þessi sveit býr í hjarta mér inni
og þegar sól gyllir sæ, yfir sveitir og bæ
þannig ætíð hún er mér í minni.

Auðbert Vigfússon – Hróbjartur Vigfússon

Blessun


Eftirspil



Prestur: Sr. Jóhanna Magnúsdóttir
Organisti: Guðjón Halldór Óskarsson
Kórsöngur: Öðlingarnir
Einsöngur: Hlynur Þór Agnarsson
Umsjón: Fylgd

*Aðstandendur þakka innilega fyrir samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
í Hótel Vík að athöfn lokinni.*

Streymi <https://netkynning.is/palmi-kristjansson>
Athöfninni er útvarpað á Fm 104,0



Pálmi Kristjánsson

Fæddur 5. október 1983
Dáinn 28. febrúar 2025



*Útför frá Víkurkirkju
laugardaginn 15. mars 2025*

Forspil

Bæn

Ritningarlestur

Þar sem englarnir syngja sefur þú
sefur í djúpinu væra.
Við hin sem lifum, lifum í trú
að ljósið hjarta skæra
veki þig með sól að morgni
veki þig með sól að morgni.

Drottinn minn faðir lífsins ljóss
lát náð þína skína svo blíða.
Minn styrkur þú ert, mín lífsins rós
tak burt minn myrka kvíða.
Þú vekur hann með sól að morgni
þú vekur hann með sól að morgni.

Faðir minn láttu lífsins sól
lýsa upp sorgmætt hjarta.
Hjá þér ég finn frið og skjól.
Láttu svo ljósið þitt hjarta
vekja hann með sól að morgni
vekja hann með sól að morgni.

Drottinn minn réttu sorgmæddri sál
svala líknarhönd.
Og slökk þú hjartans harmabál
slít sundur dauðans bönd.
Svo vaknar hann með sól að morgni
svo vaknar hann með sól að morgni.

Farðu í friði vinur minn kær
faðirinn mun þig geyma.
Um aldur og ævi þú verður mér nær
aldrei ég skal þér gleyma.
Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Svo vöknum við með sól að morgni
svo vöknum við með sól að morgni.

Bubbi Morthens



Gudsþjall

Einsöngur

Count on me

Hernandez / Levine / Lawrence



Minningarorð

Einsöngur

Ég er vinur þinn

Randy Newman – Ágúst Guðmundsson

Bæn – Faðir vor

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði, –
líf mannlegt endar skjótt.

Hans Thomisson – Hallgrímur Pétursson